

**Menntaskólinn á Akureyri**  
02 302

**Ársreikningur 2024**

## Efnisyfirlit

	<b>Bls.</b>
Skýrsla og áritun forstöðumanns .....	<b>2</b>
Yfirlit um afkomu ársins .....	<b>3</b>
Efnahagsreikningur .....	<b>4</b>
Sjóðstreymisyfirlit .....	<b>5</b>
Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum .....	<b>6</b>
Skýringar .....	<b>7</b>

**Menntaskólinn á Akureyri**

**kt. 460269-5129**

**Eyrarlandsvegi 28, 600 Akureyri**

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Menntaskólinn á Akureyri er bóknámsskóli sem byggir á fornri hefð en leitast við að vera í fremstu röð framhaldsskóla á Íslandi. Stúdentar úr MA eiga að vera gjaldgengir í hvaða háskólanám sem er hvar sem er í veröldinni. Árangur þeirra hefur sýnt að skólinn stendur undir væntingum.

Starfsemin fellur undir málefnasvið 20 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2024 var ársveltan kr. 1.104,8 milljónir og afkoma kr. -51,9 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -188,0 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 121,3 milljónir.

Starfsemin á árinu 2024 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáraukalögum fyrir árið 2024. Yfirlit um stöðu fjárveitinga og breytingar ársins er á bls. 6.

Það er álit mitt að ársreikningur 2024 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Menntaskólans á Akureyri fyrir árið 2024 með rafrænni undirritun sinni.

(undirritað rafrænt)

## Yfirlit um afkomu ársins 2024

	Skýr	2024	2023
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	1.051.955.053	983.468.254
Aðrar tekjur .....	3	6.936.000	6.888.000
Seld þjónusta .....	4	32.002.053	28.485.732
Vörusala .....		1.985.585	1.635.276
Framlög og ýmsar tekjur .....	5	2.777.534	8.817.815
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	2	9.097.358	8.554.746
<b>Tekjur samtals</b>		<b>1.104.753.583</b>	<b>1.037.849.823</b>
<b>Gjöld</b>			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....	6	851.055.701	851.620.572
Annar rekstrarkostnaður .....	7	296.541.151	287.926.794
Afskriftir og niðurfærslur .....	8	9.097.358	8.554.746
<b>Gjöld samtals</b>		<b>1.156.694.210</b>	<b>1.148.102.112</b>
<b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>		<b>(51.940.627)</b>	<b>(110.252.289)</b>
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður .....		469	663
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....		(5.858)	(7.209)
		(5.389)	(6.546)
<b>Afkoma ársins</b>		<b>(51.946.016)</b>	<b>(110.258.835)</b>
<b>Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum</b>			
Rekstur .....	2	(54.639.016)	(110.258.835)
Rekstrartilfærslur .....		2.693.000	0
		(51.946.016)	(110.258.835)

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2024

	Skýr	31.12.2024	31.12.2023
<b>Eignir</b>			
Handbært fé .....	9	8.184.420	10.315.999
Viðskiptakröfur .....		33.105	0
Tengdir aðilar .....	10	7.527.865	7.479.363
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....	11	2.277.381	562.969
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	12	103.244.801	103.081.310
<b>Eignir samtals</b>		<u>121.267.572</u>	<u>121.439.641</u>
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	10	146.993.801	102.910.884
Viðskiptaskuldir .....		1.537.965	2.409.648
Ýmsar skammtímaskuldir .....	13	47.344.088	42.584.017
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	14	113.402.648	109.600.006
<b>Skuldir samtals</b>		<u>309.278.502</u>	<u>257.504.555</u>
<b>Eignir samtals að fráðregnum skuldum samtals</b>		(188.010.930)	(136.064.914)
<b>Eigið fé</b>			
Hrein eign .....	15	(188.010.930)	(136.064.914)
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>(188.010.930)</u>	<u>(136.064.914)</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>121.267.572</u>	<u>121.439.641</u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	16		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisyfirlit ársins 2024

	Skýr	2024	2023
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		(51.946.016)	(110.258.835)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	8	9.097.358	8.554.746
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....		(9.097.358)	(8.554.746)
		<u>(51.946.016)</u>	<u>(110.258.835)</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur .....		(1.747.517)	460.189
Tengdir aðilar .....		47.673.566	102.851.699
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		3.888.388	4.990.201
		<u>49.814.437</u>	<u>108.302.089</u>
		<u>(2.131.579)</u>	<u>(1.956.746)</u>
<b>Handbært fé til rekstrar</b>			
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	12	(9.260.849)	(8.605.554)
		<u>(9.260.849)</u>	<u>(8.605.554)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Fjárfestingarframlag .....		9.260.849	8.605.554
		<u>9.260.849</u>	<u>8.605.554</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....		(2.131.579)	(1.956.746)
		<u>10.315.999</u>	<u>12.272.745</u>
		<u>8.184.420</u>	<u>10.315.999</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

## Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum

	Fjárveiting til rekstrar	Rekstrar- tilfærslur	Fjárveiting til fjárfestinga	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum 2024 .....	1.002.200.000	0	12.900.000	1.015.100.000
<b>Fjárveiting skv. fjárlögum og fjáraukalögum .....</b>	<b>1.002.200.000</b>	<b>0</b>	<b>12.900.000</b>	<b>1.015.100.000</b>
Millifærslur og aðrar breytingar fjárheimilda .....				
Launabætur .....	20.900.000	0	0	20.900.000
Millifærslur milli fjárlagaliða .....	26.162.053	2.693.000	0	28.855.053
<b>Fjárveiting ársins .....</b>	<b>1.049.262.053</b>	<b>2.693.000</b>	<b>12.900.000</b>	<b>1.064.855.053</b>
Staða fjárveitinga fyrri ára í lok árs 2023, (umframráðstafað) .....	(136.064.914)	0	6.518.696	(129.546.218)
<b>Fjárveiting til ráðstöfunar á árinu .....</b>	<b>913.197.139</b>	<b>2.693.000</b>	<b>19.418.696</b>	<b>935.308.835</b>
Ráðstöfun ársins að frádregnum sértekjum .....	(1.103.901.069)	0	(9.260.849)	(1.113.161.918)
<b>Staða fjárveitinga í lok árs 2024 .....</b>	<b>(190.703.930)</b>	<b>2.693.000</b>	<b>10.157.847</b>	<b>(177.853.083)</b>
Breytingar vegna árslokastöðu 2023 .....	0	0	0	0
<b>Staða fjárveitinga í lok árs 2024 .....</b>	<b>(190.703.930)</b>	<b>2.693.000</b>	<b>10.157.847</b>	<b>(177.853.083)</b>

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlaun reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlaun tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggir atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggja kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður .....	3-10 ár
Farartæki og vélar .....	8-15 ár
Aðrar eignir .....	óafskrifað / 10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

## Skýringar

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

### Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

### Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: úppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- úppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

### Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar.

### Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

## Skýringar

	2024	2023
<b>2 Tekjufærsla fjárveitinga</b>		
Fjárveiting ársins .....	1.051.955.053	983.468.254
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	9.097.358	8.554.746
	<b>1.061.052.411</b>	<b>992.023.000</b>

### Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....	1.002.200.000	0	0	1.002.200.000
Launabætur .....	20.900.000	0	0	20.900.000
Millifærslur milli fjárlagaliða .....	26.162.053	2.693.000	0	28.855.053
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>1.049.262.053</b>	<b>2.693.000</b>	<b>0</b>	<b>1.051.955.053</b>
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum .	(1.103.901.069)	0	0	(1.103.901.069)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>(54.639.016)</b>	<b>2.693.000</b>	<b>0</b>	<b>(51.946.016)</b>

	2024	2023
<b>4 Seld þjónusta</b>		
Sérfræðiþjónusta .....	802.632	0
Ýmsar þjónustutekjur .....	29.220.567	25.652.664
Veitinga- og gistiþjónusta .....	1.978.854	2.833.068
	<b>32.002.053</b>	<b>28.485.732</b>

### 5 Framlög og ýmsar tekjur

Leigutekjur .....	247.000	252.000
Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta .....	2.432.000	8.003.719
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir .....	40.784	319.346
Ýmsar tekjur .....	57.750	242.750
	<b>2.777.534</b>	<b>8.817.815</b>

### 6 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun .....	686.525.439	684.398.530
Orlof, breyting .....	4.741.146	4.347.005
Launatengd gjöld .....	158.932.151	159.138.146
Starfsmannakostnaður .....	856.965	3.736.891
	<b>851.055.701</b>	<b>851.620.572</b>

Meðalfjöldi stöðugilda .....	61,5	64,4
------------------------------	------	------

## Skýringar

	2024	2023
<b>7 Annar rekstrarkostnaður</b>		
Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....	1.694.104	1.588.798
Byggingarvörur, almennar ....	147.365	317.805
Byggingarvörur, aðrar ....	24.367	0
Tæki og búnaður til innréttinga ....	14.400	67.030
Ýmis tæki og áhöld ....	499.910	792.962
Varahlutir og viðhaldsvörur ....	159.218	165.007
Orkugjafar ....	8.923.553	7.661.093
Matvæli ....	14.725.843	15.791.698
Almennar rekstrarvörur ....	1.704.558	1.494.275
Vörukaup, almenn	27.893.318	27.878.668
Kennslu- og föndurvörur ....	1.216.984	1.920.333
Ýmsar sérgreindar vörur ....	0	59.450
Vörukaup, sérgreind	1.216.984	1.979.783
Fundir, námskeið, risna ....	1.585.483	2.118.294
Ferðir, uppihald ....	902.942	889.401
Akstur ....	3.166.923	2.008.269
Sérfræðiþjónusta ....	12.730.278	15.757.159
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld ....	476.500	591.627
Auglýsingar og kynningarstarfsemi ....	695.378	1.957.402
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta ....	2.830.907	3.120.877
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	22.388.411	26.443.029
Afnotagjöld ....	7.283.579	6.314.407
Leigugjöld ....	238.465.072	224.574.505
Notkun véla og flutningatækja ....	960.385	780.417
Verkkaup ....	4.104.451	4.832.656
Kostnaðarhlutdeild ....	664.569	1.352.032
Áhættutap og bætur ....	22.400	0
Tryggingar, lögboðnar ....	288.600	13.413
Opinber gjöld ....	111.367	75.061
Tilfærslur ....	55.000	550.000
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	251.955.423	238.492.491
Vörukaup ....	36.691	73.627
Vörur til endursölu og birgðabreyting	36.691	73.627
Hlutdeild annarra í kostnaði ....	(6.949.676)	(6.940.804)
Annar rekstrarkostnaður samtals	296.541.151	287.926.794
	<b>2024</b>	<b>2023</b>
<b>8 Afskriftir</b>		
Áhöld, tæki og búnaður ....	9.087.503	8.537.298
Farartæki og vélar ....	2.701	225
Aðrar eignir ....	7.154	17.223
	9.097.358	8.554.746

## Skýringar

	31.12.2024	31.12.2023
<b>9 Handbært fé</b>		
Sjóðir .....	67.500	67.500
Tékkareikningar .....	8.116.920	10.248.499
	<u>8.184.420</u>	<u>10.315.999</u>

Stofnunin hefur tekið til vörslu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 7,4 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til eigna í efnahagsreikningi.

	31.12.2024	31.12.2023
<b>10 Tengdir aðilar</b>		
Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.		
<i>Kröfur á tengda aðila:</i>		
Aðrir ríkisaðilar .....	7.527.865	7.479.363
	<u>7.527.865</u>	<u>7.479.363</u>

<i>Skuldir við tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	146.360.211	102.334.557
Viðskiptareikningar við aðra ríkisaðila .....	633.590	576.327
	<u>146.993.801</u>	<u>102.910.884</u>

### 11 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður

Fyrirframgreiddur kostnaður .....	1.063.758	19.872
Skattar .....	1.213.623	543.097
	<u>2.277.381</u>	<u>562.969</u>

### 12 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Áhöld, tæki og búnaður .....	32.897.187	32.723.841
Farartæki og vélar .....	37.574	40.275
Aðrar eignir .....	70.310.040	70.317.194
	<u>103.244.801</u>	<u>103.081.310</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2024:

	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Fasteignir	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2024 .....	94.887.685	40.500	0	74.681.343	169.609.528
Viðbætur á árinu .....	9.260.849	0	0	0	9.260.849
	<u>104.148.534</u>	<u>40.500</u>	<u>0</u>	<u>74.681.343</u>	<u>178.870.377</u>
Afskriftir 01.01.2024 .....	62.163.844	225	0	4.364.149	66.528.218
Afskrift ársins .....	9.087.503	2.701	0	7.154	9.097.358
	<u>71.251.347</u>	<u>2.926</u>	<u>0</u>	<u>4.371.303</u>	<u>75.625.576</u>
Staða 31.12.2024 .....	<u>32.897.187</u>	<u>37.574</u>	<u>0</u>	<u>70.310.040</u>	<u>103.244.801</u>

## Skýringar

	31.12.2024	31.12.2023
<b>13 Ýmsar skammtímaskuldir</b>		
Ógreitt orlof .....	46.712.082	41.970.936
Önnur ógreidd gjöld .....	632.006	613.081
	47.344.088	42.584.017

### 14 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2024	31.12.2023
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga .....	103.244.801	103.081.310
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað) .....	10.157.847	6.518.696
	113.402.648	109.600.006

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2024 .....	103.081.310	6.518.696	109.600.006
Fjárfestingarfjárveiting ársins .....	0	12.900.000	12.900.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	9.260.849	(9.260.849)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	(9.097.358)	0	(9.097.358)
	103.244.801	10.157.847	113.402.648

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2024 munu kr. 8,6 milljónir koma til tekna á árinu 2025.

### 15 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2024	31.12.2023
<b>Hrein eign</b>		
Jöfnuður 1.1. ....	(136.064.914)	(25.806.079)
Afkoma ársins .....	(51.946.016)	(110.258.835)
Jöfnuður 31.12. ....	(188.010.930)	(136.064.914)

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

## Skýringar

### 16 Aðrar upplýsingar

#### *Skuldbindandi samningar*

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði um óákveðin tíma og aðra rekstrarsamninga um óákveðin tíma og tímabundna. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 196,4 milljónum og vegna annarra samninga kr. 11,6 milljónum.

#### *Veittar ábyrgðir*

Ekki hefur verið gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### *Óafturkallanleg loforð*

Ekki hafa verið veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur.

#### *Atburðir eftir reikningsskiladag*

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.